

Föstudaginn 27. mars 1981.

Nr. 207/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Viggó Emil Bragasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Vanræksla í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Óhæfilegt var af ákærða að nota tæknibúnað ritsímans til að senda skeyti það, er ákæra lýtur að, en hann samdi sjálf-ur texta þess með tilbúinni undirskrift. Gat honum ekki dul-ist, að með þessu háttalagi kom hann af stað atburðarás, sem fól í sér hættu á, að skeytið yrði borið út til skráðs við-takanda, svo sem raun varð á. Bar honum sjálfum að gera virkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir útburð skeytis-ins, og voru viðtöl hans við samstarfsmann sinn eigi einhlít í því efni. Pykir héraðsdómari réttilega hafa fært háttsemi ákærða til 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að staðfesta héraðsdóm um val viðurlaga samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Viggó Emil Bragason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 110/1979: Ákærvaldið gegn Viggó Emil Bragasyni, sem tekið var til dóms 27. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 7. þ. m., gegn Viggó Emil Bragasyni símritara, Blikahólum 12, fæddum 4. nóvember 1942 í Reykjavík, „fyrir stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í ofangreindu starfi, svo sem rakið er:

Mánudaginn 3. júlí 1978 falsaði ákærði símskeyti á norsku- og sænskublendingi til Dagblaðsins í Reykjavík þess efnis, að Alþýðuflokkurinn hefði þegið frá sænskum og finnskum aðilum samtals 283.200 sænskar krónur í styrk, og var Sven Dahlin, ritari hinnar norrænu samstarfsnefndar jafnaðarmanna, borinn fyrir ofangreindri fjárhæð. Ákærði falsaði undir skeytið tilbúið nafn Oddvars Dröjbak hjá Verdens Gang í Oslo og sendi það á milli fjarritatækja í ritsímastöðinni og lét hjá líða að eyðileggja skeytið, sem borið var út næsta fimmtudag og varð til efni forsíðufréttar í Dagblaðinu daginn eftir.

Telst þetta athæfi ákærða varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru sem hér segir:

Ákærði starfaði sem yfirsímritari hjá ritsímanum, uns honum var veitt lausn frá störfum til bráðabirgða hinn 7. júlí 1978 í tilefni af atviki því, sem mál þetta er risið af. Með bréfi, dags. 2. ágúst, fól samgönguráðuneytið póst- og símamálastjóra að víkja ákærða úr starfi hjá stofnuninni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi numið loftskeytafræði og símritun og ráðist 1966 í þjónustu ritsímans. Hann hafi verið skipaður símritari 1969 eða 1970 og starfað sem yfirsímritari frá 1971 eða 1972.

Föstudaginn 7. júlí 1978 birtist í Dagblaðinu, sem út er gefið

hér í borg, frétt efst á forsíðu með fyrirsögninni: „Fjárstuðningur norræna krataflokka: Staðhæft að styrkurinn nemi 33 milljónum alls — en hvar er þá helmingur þess fjár niðurkominn?“ Í frétt þessari greinir blaðið frá upplýsingum, sem blaðinu hafi borist frá Oddvar Dröjbak hjá Verdens Gang í Osló, „en hann tók að sér að kanna málið fyrir DB,“ segir í fréttinni. Samkvæmt upplýsingum þessum hafi Alþýðuflokkurinn þegið frá jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndum fjárstyrk, er nemi 472.200 sænskum krónum. Einnig segir í fréttinni, að Marianna Saar, gjaldkeri finnska jafnaðarmannaflokksins, hafi staðfest, að þaðan hafi íslenska jafnaðarmannaflokknum borist 108.000 sænskar krónur.

Heimild Dagblaðsins að þessari frétt var símskeyti, sem blaðinu barst og virðist hafa verið borið út 6. júlí. Texti skeytis þessa verður tekinn hér upp:

„dagbladet þverholt ii att jb petursson

reykjavik

vþr telefonsamtale i grþ

vidare oplysningar fremkommet angþende svenska socialdemokratiske bidragelse til islands socialdemokratiske parti redegörelse for 1976/77 overførsler fra sekreterare sven dahlin for nordiska samarbetskommitteen fastslþr totalbelöpp skr 475.200 stop

endvidere fra marianna saar helsinki, sekreterare för finlands socialdemokratiske prtii anslþr totalbelöpp skr 108.000 stop

ingen detaljered redegörelse kan ventes fra danmark förend början september grundet sommerferier stop

venligst notere at i den originale nkr. 575.000 belöpp var skr 82.500 indberegnet som tidligere var fremkommet har idag postat detaljered redegörelse for fremkommit belöpp samt fotokopier av sveriges og finlands breve

venliga helsinger

oddvar dröjbak verdens gang oslo“

Í máli þessu er leitt í ljós, að hér var um að ræða tilbúið skeyti, er ákærði hafði samið og sent í gegnum fjarritatæki á vinnustað sínum.

Ákærði kveðst hafa verið á vakt 3. júlí. Hann segir sér hafa komið í hug að glettast við starfsfélaga sinn Jón Kr. Óskars-son, sem sé Alþýðuflokksmaður og hafi verið kátur yfir nýafstöðnum kosningasigri flokks síns. Skeytið kveðst ákærði hafa samið til þess að stríða Jóni. Hann hafi samið það sjálfur og haft

þá í huga nýleg skrif í Dagblaðinu um fjárstyrki til Alþýðuflokksins frá Norðurlöndum. Efni skeytisins hafi annars verið tilbúningur, enda hafi aldrei verið ætlunin, að skeytið yrði borið út. Svo hafi hagað til, að Jón Kr. Óskarsson hafi fengið skeytið í hendur, en til þess hafi leikurinn verið gerður. Ákærði kveðst hafa fylgst með því, er Jón tók við skeytinu, og farið þá að tala við hann um það, en Jón hafi ekkert viljað um það tala og afgreitt skeytið á venjulegan hátt. Ákærði kveðst hafa talað við Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur ritara og beðið hana að eyðileggja skeytið, en hún hafi vitað, hvernig skeytinu var háttað. Sjálfur kveðst ákærði hafa tekið afritið af skeytinu og eyðilagt það og hann hafi ekki vitað annað en Þórunn hefði eyðilagt frumritið.

Vitnið Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, 21 árs að aldri, segir, að ákærði hafi haft við orð hinn 1. júlí, að hann ætlaði sér að stríða Jóni Kr. Óskarssyni, þannig að senda skeyti, sem kæmi inn á gentex-tækið hjá Jóni og liti út eins og það kæmi frá Noregi. Þórunn kveðst hafa sagt ákærða að gera þetta einhvern tíma, þegar hún væri við. Mánudaginn 3. júlí hafi ákærði svo sagt henni, að gentex-skeyti nr. 33 væri skeyti það, sem ætlað væri Jóni, og beðið hana að sjá til þess, að skeytið færi ekki út. Skeytið hafi svo komið til hennar frá Jóni Kvaran varðstjóra og hún sett það niður í skúffu hjá sér og ætlað að eyðileggja það, þegar Jón Kr. Óskarsson væri farinn af vaktinni, en hann muni hafa farið um kl. 20. Þórunn minnst þess, að áður hafi ákærði verið búinn að spyrja hana, hvort hún væri búin að eyðileggja skeytið, og hún neitað því. Í því hafi Jón Kvaran kallað til hennar til þess að bera saman númer með sér. Þórunn segir, að hún hafi farið af vakt kl. 21 og rétt áður hafi ákærði spurt hana að því á ný, hvort hún væri búin að eyðileggja skeytið, og hún kveðst hafa svarað því játandi. Þórunn gefur þá skýringu á þessu svari sínu, að þetta hafi verið einhver meinloka hjá sér eða kæruleysi. Hún hafi einhvern veginn ekki munað eftir skeytinu.

Þórunn fór svo í sumarleyfi næsta dag, og hefur skeytið orðið eftir hjá henni í skúffunni. Samkvæmt rannsóknargögnum hefur varðstjóri tekið skeytið á fimmtudagsmorgni og sent það út með öðrum skeytum.

Eins og áður segir, kannast ákærði við, að efni skeytisins sé tilbúningur einn að öllu leyti. Nafnið Oddvar Dröjbak er tiltekið af handahófi, enda er enginn maður með því nafni hjá Verdens Gang í Osló. Sven Dahlin er til samkvæmt upplýsingum

frá fréttastjóra Dagblaðsins, enn fremur Marianna Saan (Saar í skeytinu).

Álit dómara.

Sannað er, að ákærði hafði í frammi háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Ekkert bendir til þess, að illfýsi hafi ráðið gerðum hans, og er ekki ástæða til að ætla annað en að hann hafi aðeins ætlað sér að glettast við samstarfsmann sinn, eins og ákærði heldur sjálfur fram. Ákærði gerði sannanlega ráðstafanir til þess, að skeytið yrði ekki borið út, fól Þórunni Jóhannsdóttur að eyðileggja það og tvíspurði eftir, hvort það hefði verið gert, og fékk jákvætt svar í síðara skiptið. Þórunn brást hins vegar loforði sínu um að eyðileggja skeytið og gleymdi því í skúffu sinni. Hefur hér tekist í meira lagi slysalega til, og var ákærða nokkur vorkunn, þótt hann teldi sig hafa búið svo um hnútana, að skeytið færi ekki út. Hins vegar verður að telja það óhæfu af ákærða að nota tæknibúnað ritsímans til þess að hafa í frammi spéskap, og kemst hann ekki hjá því að bera ábyrgð á, að skeytið var borið út og varð þannig heimild að blaðafrétt. Samkvæmt 141. gr. alm. hegningarlaga varðar það refsingu, ef opinber starfsmaður gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi. Um ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi er ekki að ræða eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, en aftur á móti verður að telja það athæfi ákærða, er lýst hefur verið, stórfellt hirðuleysi, er varði við nefnda 141. gr.

Ákærði hefur eigi fyrr sætt neinum refsingum, nema hvað hann hefur sæst á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og umferðarlagabrot. Með hliðsjón af því, að ákærði missti stöðu sína hjá ritsímanum, þykir mega ákveða að fresta að dæma honum refsingu. Verður engin refsing dæmd, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði verður dæmdur til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Viggós Emils Bragasonar, er frestað, og verður refsing ekki dæmd, ef ákærði heldur í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Föstudaginn 27. mars 1981.

Nr. 103/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Halldóri Stefáni Þormar

(Hörður Ólafsson hrl.).

Brot gegn 106. gr. og 108. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfryjað til Hæstaréttar að ósk ákærða.

Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að fallið væri frá ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kemur þetta ákæruatriði því eigi til álita.

Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að hann hefur ekki sætt refsingu eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og ber að staðfesta úrlausn hans um brot ákærða gegn 106. gr. og 108. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 11. gr. laga nr. 101/1976 að því er varðar nefnda 106. gr.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af 1. mgr.